

Gjaldskrá fyrir geymslusvæði á Hellu

Frá og með 15. maí 2017 stendur íbúum og fyrirtækjum í Rangárþingi ytra til boða að geyma á geymslusvæði Þjónustumiðstöðvar R.y. v/ Langasand, gáma, vélar og aðra muni.

Verðskrá:

Lágmarksgjald fyrir geymslu á svæðinu fyrir svæði alltt að 15 m² er 1.000 kr á mánuði m./vsk.

Fermetragjald fyrir leigusvæði umfram 15 m² er kr. 65 m vsk.

Gjalddagar, vanskil:

Geymslugjald verður innheimt eftirá tvisvar á ári, gjalddagar eru 1. júlí fyrir tímabilið janúar - júní og 31. desember fyrir tímabilið júlí – desember.

Við uppsögn leigutaka á leigusamningi greiðist það gjald sem áfallið er frá síðasta gjalddaga.

Verði vanskil á geymslugjaldi hefur Þjónustumiðst öð R.y. haldsrétt á þeim munum sem vanskil stafa af.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga greiðist geymslugjaldið ekki á eindaga.

Skilmálar:

Gera skal samning við hvern og einn leigutaka þar sem eftirfarandi atriði koma fram:

Engin ábyrgð er tekin á tjóni sem munir kunna að verða fyrir á geymslusvæðinu

Munir eru geymdir utanhúss.

Engin starfsemi má fara fram á geymslusvæðinu.

Aðgengi að geymdum munum er aðeins á opnunartíma Þjónustumistöðvar R.y.

Stærðin á svæði sem tekið er á leigu afmarkast af ystu punktum á ferhyrnu svæði ef það sem geyma á er óreglulegt í laginu.

Munir verða aðeins afhentir umráðamanni sem tilgreindur er í samningi eða umboðsmanni skv. skriflegu umboði.